

29. september 2015
Tilv.: 1509210

InDefence hópur
Dr. Agnar Helgason
Ólafur Elíasson
Dr. Torfi Þórhallsson
Davíð Blöndal
Ragnar Ólafsson

Efni: Birting stöðugleikaskilyrða.

Ég vil þakka InDefence hópnunum fyrir bréf sitt, dags. 23. september sl., og þann áhuga sem þar kemur fram á þeim áfanga í losun fjármagnshafta sem felst í uppgjöri búa fallinna fjármálafyrirtækja. Ég tek undir það sjónarmið hópsins að hér sé um að ræða málefni sem varðar allan almenning og því eðlilegt að um það gildi eins mikið gagnsæi og mögulegt er. Það sjónarmið lá til grundvallar kynningu á áformum um losun fjármagnshafta hinn 8. júní sl. og þeirri ákvörðun að birta hugmyndir hópa kröfuhafa í stóru búin þrjú um ráðstafanir sem gætu gert uppgjör búanna mögulegt án neikvæðra áhrifa á gengi krónunnar, gjaldeyrisforða Seðlabankans eða stöðugleika fjármálakerfisins. Þessar hugmyndir höfðu þróast í framhaldi af upplýsingaskiptum kröfuhafahópanna og framkvæmdahóps um losun fjármagnshafta.

Í þessu efni vísast einnig til yfirlýsingar Seðlabanka Íslands frá 8. júní 2015. Þar kemur fram að við mat á hugsanlegum undanþágum vegna nauðasamninga muni bankinn horfa til þess að i) gerðar verði ráðstafanir sem dragi nægilega úr neikvæðum áhrifum af útgreiðslum andvirðis eigna í íslenskum krónum, ii) að öðrum innlendum eignum fallinna fjármálafyrirtækja í erlendum gjaldeyri verði breytt í langtímafjármögnun að því marki sem þörf krefur og iii) að tryggt verði, í þeim tilvikum sem það á við, að lánaþyrirgreiðsla stjórnvalda í erlendum gjaldeyri sem veitt var nýju bönkunum í kjölfar hruns á fjármálamarkaði verði endurgreidd.

Ofangreint er kjarni stöðugleikaskilyrðanna sem byggt verður á við mat á undanþágubeiðnum og nauðasamningsdrögum búa föllnu bankanna. Nú er unnið því að heimfæra þessi skilyrði upp á þá aðila sem falla undir stöðugleikaskatt og hyggjast fara leið undanþágu á grundvelli nauðsamnings og stöðugleikaskilyrða. Þó að sú vinna sé vel á veg komin er henni ekki lokið. Það er því ekki á þessu stigi hægt að birta niðurstöðu þeirrar vinnu. Þá er rétt að benda á að undanþágur stóru búanna þriggja verða ekki veittar nema að undangengu samráði við fjármála- og efnahagsráðherra og kynningu hans á þeim fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Seðlabankinn mun styðja það að sú niðurstaða verði kynnt opinberlega ásamt mati á áhrifum á greiðslujöfnuð og fjármálastöðugleika.

Í bréfi InDefence hópsins er spurt hvernig stöðugleikaskattur og nauðasamningar á grundvelli stöðugleikaskilyrða geti verið efnahagslega jafngild með hliðsjón að greiðslujöfnuði þjóðarinnar. Í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga að markmið stöðugleikaskattsins er ekki að afla ríkissjóði tekna heldur að koma í veg fyrir óstöðugleika í gengis- og peningamálum og fjármálaóstöðugleika við slit búa fallinna fjármálafyrirtækja. Því markmiði er einnig hægt að ná með öðrum hætti en skatti á allar eignir slitabúanna óháð mismunandi samsetningu eigna og krafna búanna og án þess að tekið sé tillit til þess að framlag búanna til greiðslujafnaðarvandans er mismikið. Skattlagningarleiðin hefur vissa annmarka, bæði fyrir þjóðarbúið og kröfuhafa, sem hægt er að sníða af með undanþágum og nauðasamningum á grundvelli stöðugleikaskilyrða sem eru sniðnir að þeim vanda sem stafar af slitum hvers bús. Þannig gæti skatturinn t.d. raskað fjármálastöðugleika vegna áhrifa á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja sem hægt er að bregðast betur við í nauðasamningum á grundvelli stöðugleikaskilyrða. Þá felur skattaleiðin í sér meiri hættu á eftirmálum og lagalegum ágreiningi og m.a. þess vegna mun losun fjármagnshaftra ganga hægar en ella. Hámarksfjárhæð stöðugleikaskattsins (án frádráttarliða) ætti því ekki að bera saman við fjárhæð stöðugleikaframlags, heldur verður að einnig taka tillit til annarra þátta nauðasamningsleiðar sem stuðlar að stöðugleika.

Þegar stöðugleikaskatturinn var kynntur af stjórnvöldum höfðu átt sér stað upplýsingaskipti framkvæmdahóps stjórnvalda um hugmyndir hópa kröfuhafa um nauðasamninga stóru slitabúanna þriggja er gætu náð markmiðum stöðugleikaskattsins. Framkvæmdahópurinn mælti með því við stjórnvöld að þessar hugmyndir yrðu lagðar til grundvallar við gerð nauðasamninga enda uppfylli þær í meginatriðum stöðugleikaskilyrðin. Í kjölfar lögfestingar stöðugleikaskatts hafa slitastjórnir ofangreindra búa sent Seðlabankanum beiðnir um undanþágur frá fjármagnshöftum og lagt fram drög að nauðasamningum sem Seðlabankinn hefur haft til meðferðar, eins og lög kveða á um. Svo er að sjá að tillögurnar uppfylli í stórum dráttum skilyrði um stöðugleika í gengis- og peningamálum og tryggi fjármálalegan stöðugleika. Ýmis atriði hefur þó þurft að skoða nánar, m.a. áhrif á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja og sölufærli Íslandsbanka og Arion. Sú skoðun er á lokastigi og í framhaldi af því gætu skapast forsendur fyrir nánari opinberri kynningu.

Í framhaldi af sendingu þessa bréfs hef ég áhuga á að eiga viðræður við fulltrúa InDefence hópsins um þessi málefni við fyrsta hentuga tækifæri.

Virðingarfyllst,

Már Guðmundsson,
seðlabankastjóri.